

Dagskrá

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

12. mars 2026

Drög að dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
6. Skýrsla tilnefningarnefndar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
9. Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
11. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar.
12. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
13. Önnur mál löglega upp borin.

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

12. mars 2026

Tillögur stjórnar:

Dagskrárliður 2 – Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár

Tillaga: Stjórn leggur til að fyrirliggjandi ársreikningur fyrir árið 2025 verði samþykktur.

Dagskrárliður 3 – Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 0,95 á hlut fyrir rekstrarárið 2025 eða um 1.100 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2026 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2026, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 13. mars 2026 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 26. mars 2026.

Dagskrárliður 4 – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt.

Starfskjarastefnan er óbreytt frá fyrra ári:

Tilgangur

Stefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk.

Umfang

Nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og dótturfélaga þess. Starfskjaranefnd er skipuð stjórn félagsins.

Stefna

Starfskjarastefna Sjóvá-Almennra trygginga hf. miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að tryggja velgengni félagsins. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir mannréttindastefnu félagsins sem kveður á um að starfsfólk skuli fá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf, óháð kyni. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra félagsins skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur. Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati stjórnar, að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra. Skal sérstaklega færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundi ásamt röksemdum.

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem tiltekin eru sömu atriði og tekið mið af sjónarmiðum sem koma fram í ráðningarsamningi forstjóra, eftir því sem við á.

Skaðleysi stjórnar og stjórnenda

Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi ábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendur, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna hugsanlegra krafa í tengslum við störf þeirra. Félagið greiðir tryggingariðgjald ábyrgðartryggingarinnar og samkvæmt skilmálum hennar er greiddur eðlilegur kostnaður af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af ofangreindum toga. Félagið skal þannig tryggja að stjórn og stjórnendum sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þau kunna að verða gerðar eða á þau kunna að falla vegna starfa fyrir félagið, að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir háttsemi sem metin er til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis.

Starfskjör annarra starfsmanna

Starfskjör annarra starfsmanna félagsins skulu ákveðin í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur.

Upplýsingagjöf og frávik frá starfskjarastefnu

Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins. Frávik frá starfskjarastefnu skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

Breytileg starfskjör – árangurstengdar greiðslur

Stjórn félagsins er heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur, kaupauka, sem stjórnin samþykkir að fengnu áliti starfskjaranefndar.

Með kaupauka er átt við greiðslur og hlunnindi til starfsmanns, meðal annars reiðufé, sérstakar lífeyrisgreiðslur og kaupréttir, venjulega skilgreint með tilliti til árangurs að teknu tillit til heildarafkomu váttryggingafélags yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar þess. Greiðslan er ekki þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Einungis er um heimild en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka.

Kaupauki til starfsmanna og stjórnenda skal uppfylla kröfur 51. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Kaupréttaráætlun

Stjórn félagsins er heimilt að útfæra og samþykkja kaupréttaráætlun til 3 ára sem heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsfólk í samræmi við þá áætlun. Markmið félagsins með kaupréttaráætluninni er að tengja saman hagsmuni starfsmanna við hluthafa, auk þess sem áætlunin hjálpar til við að laða að hæft starfsfólk og auka tryggð innan félagsins. Kaupréttaráætlun skal uppfylla kröfur 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem felur meðal annars í sér að kaupréttur að hlutabréfum skal ná til allra fastráðinna starfsmanna félagsins að hámarksfjárhæð, 1.500.000 kr. á ári að kaupverði og skal slíkum hlutabréfum fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum í félaginu. Að lágmarki skulu líða tólf mánuðir frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur og skal kaupverð eigi vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag. Þá skulu starfsmenn eiga hlutabréfin í lágmarki tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur til að geta nýtt sér það skattahagræði sem gildir um kaupréttaráætlunina. Kaupréttarsamningurinn er ekki framseljanlegur. Kaupréttaráætlun sem stjórn útfærir skal staðfest af Skattinum áður en hún er sett á fót.

Félaginu er óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við úthlutun kaupréttar.

Helstu ákvæði sérstaks kaupaukakerfisins sem snúa að kaupréttaráætlun skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.

Dagskrárliður 8 – Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Tillaga: Lagt er til að KPMG ehf. verði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs.

Dagskrárliður 9 – Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Tillaga: Stjórn leggur til að aðalfundur tilnefni Elfu Björgu Aradóttur og Erik Ingvar Bjarnason til setu í endurskoðunarnefnd.

Greinargerð stjórnar:

Félagið er eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006 um ársreikninga og skal því starfa endurskoðunarnefnd innan félagsins, sbr. IX kafla A í lögunum. Í 108. gr. a. laganna er mælt fyrir um að sé nefndarmaður í endurskoðunarnefnd utanaðkomandi aðili skuli hann tilnefndur af aðalfundi.

Dagskrárliður 11 – Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar

Tillaga: Lagt er til að laun stjórnarmanna verði 483.000 kr. á mánuði, laun varaformanns verði 725.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns verði 966.000 kr. á mánuði. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 483.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 167.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að nefndarlaun í endurskoðunarnefnd verði kr. 126.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verði kr. 252.000 á mánuði. Lagt er til að nefndarlaun í starfskjaranefnd verði kr. 50.000 á mánuði og að laun nefndarformanns verði kr. 100.000 á mánuði. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 37.000 á mánuði og kr. 50.000 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag.

Dagskrárliður 12 – Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykktar félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 12. mars 2026 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 116.170.191 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má meðal annars nota í þeim tilgangi að lækka hlutafé eða uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru við starfsfólk í samræmi við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun félagsins. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hærsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð stjórnar:

Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái nýja heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Heimildin til þess að nota hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar til þess að uppfylla skuldbindingar samkvæmt kaupréttarsamningum er nátengd starfskjarastefnu félagsins. Sem fyrr er tilgangur félagsins með endurkaupum einnig að lækka hlutafé félagsins, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Samþykki aðalfundur tillögu stjórnar um áframhaldandi heimild til kaupa á eigin hlutum mun núverandi viðauki við samþykktirnar um endurkaup, samanber samþykkt aðalfundar 13. mars 2025, falla brott.